



Samþykkt

Vegna álagningar fasteignaskatts og fráveitugjalds ár hvert skal reikna afslætti af fasteignaskatti og fráveitugjaldi út frá tekjuviðmiði skv. síðasta skattframtali. Forsendur þess að umsækjandi geti fengið afslátt af fasteignaskatti er útlístað í 3. grein reglna um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Bláskógabyggð.

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur umsækjanda, þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts-, útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarári. Viðmiðunarfjárhæðirnar skulu framreiknaðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

Tekjuviðmið fyrir elli- og örorkulífeyrisþega vegna lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds er eftirfarandi fyrir einstakling:

Lækkun		Kr.		Kr.
100%	Einstaklingur með tekjur allt að			5.517.235
80%	Einstaklingur með tekjur frá	5.517.236	til	6.108.365
50%	Einstaklingur með tekjur frá	6.108.366	til	6.755.795
25%	Einstaklingur með tekjur frá	6.755.796	til	7.459.526

(uppreiknað í janúar 2024)

Tekjuviðmið fyrir elli- og örorkulífeyrisþega í sambúð og með samsköttun:

Lækkun		Kr.		Kr.
100%	Sameiginlegar tekjur allt að			9.530.946
80%	Sameiginlegar tekjur frá	9.530.947	til	10.552.116
50%	Sameiginlegar tekjur frá	10.552.117	til	11.670.544
25%	Sameiginlegar tekjur frá	11.670.545	til	12.886.226

(uppreiknað í janúar 2024)

Heimilt er að veita einstaklingi sem vistaður er á hjúkrunar- eða dvalarheimili, og er með skertan lífeyri til framfærslu af þeim sökum, allt að 100% afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi. Forsenda þess að heimild þessi verði nýtt er að enginn annar búi í umræddu íbúðarhúsi.

Bent skal sérstaklega á að vegna fasteignaskattsálagningar verður að sækja skriflega um afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi fyrir 1. maí ár hvert. Umsókninni skal fylgja staðfest skattframtal. Með umsókn öryrkja skal einnig fylgja vottorð um örorkumat.

Ásta Stefánsdóttir
sveitarstjóri Bláskógabyggðar